

## Skilablað – Húsnæðismál Námsmats- og Námsgagnastofnunar

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar húsnæðis fyrir nýja stofnun, Menntamálastofnun.

### 1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst til Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) í maí 2014 um að leita að húsnæði fyrir Menntamálastofnun sem varð til við sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar.

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tengiliður verkkaupa var Þráinn Sigurðsson.

Róbert Jónsson var verkefnastjóri FSR í verkefninu en einnig kom Sigurður Norðdahl, verkefnastjóri hjá FSR, að því.

### 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að leita að húsnæði fyrir nýja stofnun, Menntamálastofnun, sem varð til við sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Starfsmannafjöldi Námsmatsstofnunar var 27 manns í 24 stöðugildum og starfsmannafjöldi Námsgagnastofnunar var 33 manns í 24 stöðugildum. Þegar hér var komið sögu var Námsmatsstofnun í 1.286 fermetra húsnæði við Borgartún 7 í Reykjavík og Námsgagnastofnun í 1.854 fermetra húsnæði við Víkurhvarf 3 í Kópavogi, þar af voru 740 fermetrar lagerrými fyrir geymslu á bókum.

Verkefnið var húsnæðismál Námsmats- og Námsgagnastofnunar.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verkefnið fékk verknúmerið 633 0081 þann 16. maí 2014.

### 4 Framvinda

Skoðaðir voru ýmsir möguleikar á lausn, t.d. að setja Námsmatsstofnun inn í fyrrverandi húsnæði landlæknis við Austurströnd á Seltjarnarnesi o.fl.

Unnar voru skipulagstillögur um flutning Námsmatsstofnunar í húsnæði Námsgagnastofnunar við Víkurhvarf.

Niðurstaðan varð sú að flytja alla starfsemi Námsmatsstofnunar í húsnæði Námsgagnastofnunar við Víkurhvarf. Gera þurfti nokkrar breytingar á húsnæðinu.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið, sem fólst í umsjón og ráðgjöf, var 3.529.795 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Ákveðið var að Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun yrðu staðsettar í sameiginlegu húsnæði við Víkurhvarf 3 í Kópavogi. Gerðar voru nokkrar breytingar á 2. og 3. hæð húsnæðisins og þá var hluti af lagerrými tekið undir skrifstofur.

### 7 Ákvörðun verkkaupa


Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkti að báðar stofnanir yrðu staðsettar í Víkurhvarfi.


### 8 Verklök

Verklök voru haustið 2015. Þá var starfsemi beggja stofnana staðsett í húsnæðinu við Víkurhvarf 3 í Kópavogi.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

  
Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

  
Róbert Jónsson, verkefnastjóri